

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIV. árgangur.

1. hefti.

1993

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 450/1992.

**Guðni Þórðarson og
Flugferðir-Sólarflug**

gegn

**Sigurði G. Guðjónssyni hrl.
fyrir hönd Mayflower Hotel.**

Kærumál. Endurupptaka í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1992 samkvæmt heimild í q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og endurupptaka málsins í héraði leyfð. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að sóknaraðilar greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði hefur fjárhæð dómkröfu samkvæmt umræddri áskorunarstefnu misritast, en það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Guðni Þórðarson og Flugferðir-Sólarflug, greiði óskipt varnaraðila, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Mayflower Hotel, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

I.

Beiðni um endurupptöku málsins barst Héraðsdómi Reykjavíkur 20. október 1992. Beiðandi endurupptöku er stefndi, Guðni Þórðarson, kt. 240523-4939, Garðastræti 39, Reykjavík, bæði persónulega og f. h. einkafyrirtækis síns, Flugferða-Sólarflugs.

Stefnandi málsins er Sigurður G. Guðjónsson hrl., kt. 081151-3189, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, f. h. Mayflower Hotel, 2628 Trebovir Road, Earls Court, London.

Eftir að beiðni um endurupptöku málsins barst Héraðsdómi Reykjavíkur, þótti sýnt af þeim gögnum, sem lágu fyrir, að skilyrði til endurupptöku málsins samkvæmt 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála væri ekki fullnægt. Með bréfi til lögmanns stefnda 30. október 1992 var beiðni um endurupptöku synjað með vísan til 2. mgr. 138. gr. sömu laga. Samkvæmt heimild í sama ákvæði krafðist lögmaðurinn úrskurðar um synjunina.

Lögmenn aðila voru boðaðir til þinghalds 1. þ. m. Af hálfu stefnanda komu þá fram mótmæli við beiðni um endurupptöku, en fallist var á, að stefndi þyrfti ekki að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Ágreiningurinn var síðan endanlega tekinn til úrskurðar fyrr í dag.

II.

Af hálfu stefnda er talið, að beiðni um endurupptöku hafi komið nægjanlega snemma fram, þar sem hann hafi ekki getað séð af aðfararbeiðni, sem fylgdi boðun um fjárnám 9. september 1992, hver var grundvöllur aðfararbeiðninnar, enda hafi hin áritaða áskorunarstefna ekki fylgt boðuninni. Því er einnig haldið fram, að það hafi verið vilji löggjafans að túlka ákvæði 137. gr. laga nr. 19/1991 rúmt endurupptökubeiðanda í vil, enda eigi stefndi ekki annarra kosta vól til að fá leiðréttingu mála sinna.

Stefndi reisir beiðni sína á c-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 og telur, að ef lagðir hefðu verið fram í málinu „voucherar“ með reikningnum, hefði hann verið sýknaður, þar sem á þeim komi fram, að við-

skiptavinur stefnanda hafi verið Flugferðir hf. Nafn fyrirtækisins hafi einnig verið ritað á ensku á „voucherunum“ Airtour Iceland Ltd. Lögmaðurinn telur „vouchera“ vera grundvallargögn í viðskiptum ferðaskrifstofa annars vegar og hótela og bílaleigna hins vegar og að ekkert fyrirtæki láti í té slíka þjónustu fyrir reikning ferðaskrifstofu nema gegn framvísun „voucher“, út gefnum af hlutaðeigandi ferðaskrifstofu. Önnur gögn hafi mun minna gildi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að með boðun sýslumannsins í Reykjavík til Guðna Þórðarsonar 9. september 1992 um fjárnám hafi fylgt aðfararbeiðni og í þeirri aðfararbeiðni hafi komið fram nafn kröfuhafa og Guðna sem skuldara auk fjárhæðar kröfunnar. Af aðfararbeiðninni hafi Guðna mátt vera ljóst, að áskorunarstefna á hendur honum vegna tiltekinnar skuldar við stefnanda hefði verið árituð um aðfararhæfi. Því hafi verið liðinn sá frestur, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991, þegar beiðni um endurupptöku barst Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þá telur lögmaðurinn, að stefnandi hafi mátt halda, að hann stæði í viðskiptum við einkafyrirtæki Guðna Þórðarsonar, Flugferðir-Sólarflug, þar sem bréf og tilkynningar hafi ávallt verið send með bréfhaus þess fyrirtækis, sem sannanlega sé í eigu stefnda, samanber tilkynningu til firmaskrár á dómskjali nr. 12. Þá hafi stefndi ekkert gert til að leiðrétta þann misskilning, sbr. dómskjöl 11 og 13.

III.

Stefnda hefur ekki tekist að sýna fram á, að skýra beri tímafresti 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 rúmt þeim til hagsbóta, sem óskar eftir endurupptöku. Þvert á móti þykir bera að skýra ákvæðið með hliðsjón af því, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, samanber áður 231. gr. laga nr. 85/1936 og 7. gr. laga nr. 19/1887, er ekki þörf sérstakrar birtingar stefnu, þegar hún hefur verið árituð af dómara um aðfararhæfi. Áritunarþolum verða því málsúrslit sjaldnast kunn, fyrr en þeir eru boðaðir til fjárnáms. Ákvæðið þykir ekki heldur eiga að skýra svo þröngum skilningi, að stefndi verði að hafa fengið afrit áritaðrar stefnu í hendur.

Fyrir liggur, að stefndi var boðaður til fjárnáms hjá sýslumanninum í Reykjavík vegna kröfu, að fjárhæð 1.303.377,56 krónur, með bréfi, dagsettu 9. september 1992. Fram er komið, að boðun þessa birti stefnuvottur fyrir stefnda sjálfum 12. september 1992 kl. 10.00. Einnig liggur fyrir, að boðunarbréfinu fylgdi afrit af aðfararbeiðni, dagsettri 18. ágúst 1992, þar sem fram kom, að stefnandi var fjárnámsbeiðandi, en stefndi, Guðni Þórðarson, fjárnámsþoli, Í aðfararbeiðninni kom fram, að fjárnámið skyldi gera til tryggingar dómkröfu samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu, að fjárhæð GBP 27.822,50.

Stefndi heldur því ekki fram, að áskorunarstefna í málinu hafi ekki verið birt sér eða öðrum, sem mátti birta fyrir. Með hliðsjón af því, að í aðfararbeiðni var höfuðstóll kröfunnar og nafn fjárnámsbeiðanda tilgreint, verður að telja, að með birtingu hennar 12. september sl. hafi stefnda verið gert kunnugt, að áskorunarstefnan hefði verið árituð um aðfararhæfi gagnvart honum.

Þegar Héraðsdómi Reykjavíkur barst beiðni stefnda um endurupptöku 20. október 1992, var því liðinn mánuður og átta dagar, frá því að stefnda urðu málsúrslit í framangreindu máli kunn. Þegar af þeirri ástæðu þykja ekki vera skilyrði til að verða við beiðni um endurupptöku málsins á grundvelli 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni um endurupptöku framangreinds máls er synjað.
